

Starfsemi og framtíðaráform Brettafélags Hafnarfjarðar

Brettafélag Hafnarfjarðar er íþróttafélag sem heldur úti og rekur innanhús hjólabrettaaðstöðu að Flatahrauni 14 samkvæmt tveimur samningum við Hafnarfjarðarbæ.

Fyrri samningurinn er til tveggja ára. Um reynsluverkefni er að ræða fyrir árin 2014 og 2015. Brettafélagið og Hafnarfjarðarbær ákváðu að vinna saman að því að koma upp innanhús hjólabrettaaðstöðu í bænum og var samningurinn undirritaður af báðum aðilum 17. júní 2013.

Seinni samningurinn snýr að rekstri húsnæðis að Flatahrauni 14 og framkvæmdafé til uppbyggingar innandyrna. Þar er skilgreindur kostnaður á skuldbindingum Hafnarfjarðarbæjar og einnig skuldbindingum Brettafélagsins fyrir árin 2014 og 2015. Þessi hluti samningsins var undirritaður við hátíðlega athöfn að Flatahrauni 14, þann 29. maí 2014.

Sumarið 2014 náðum við að hafa opið með góðri hjálp Vinnuskóla Hafnarfjarðar. Eftir sumarfrí það ár var svo lokað og framkvæmdir hófust við að byggja upp aðstöðuna. Þann 12. febrúar 2015 opnuðum við svo aðstöðuna í þeirri mynd sem við viljum hafa hana þannig sómi sé að fyrir samningsaðila.

Starfsemin hefur gengið framar vonum og að meðaltali sóttu 30 börn aðstöðuna á degi hverjum fram að sumri. Þá hóf félagið að bjóða upp á vikulöng hjólabrettanámskeið fyrir börn á aldrinum 7-13 ára (1.-7. bekkur). Alls sóttu 150 börn námskeiðin. Námskeiðin voru að mönnum í samstarfi við Vinnuskóla Hafnarfjarðarbæjar, auk þess greiddi félagið laun fyrir einn leiðbeinanda sem hefur mikla reynslu af hjólabrettum og námskeiðahaldi. Brettafélag Hafnarfjarðar þakkar bæjaryfirvöldum fyrir þann stuðning, enda ómetanlegt bæði fyrir félagið og unglingana sem hafa fengið tækifæri til að leiðbeina börnunum á námskeiðunum.

Brettafélag Hafnarfjarðar leggur ríka áherslu á að skapa jákvætt og reglufast umhverfi fyrir börn sem stunda hjólabretti og bmx. Hjálmaskylda er í húsinu og öll notkun tóbaks og vímuefna eru stranglega bönnuð í húsnæði og á lóð félagsins.

Skipulagðar æfingar hefjast 7. september og mun Brettafélagið bjóða upp á æfingar á hjólabrettum, snjóbrettum og bmx í vetur. Félagið hefur fundið mikinn meðbyr hjá foreldrum og eru sumarnámskeiðin okkar grunnurinn að því sem koma skal. Þetta mun verða í fyrsta skipti sem boðið verður upp á skipulagðar hjólabretta- og bmx æfingar undir leiðsögn á Íslandi. Þessar íþróttir eru mjög einstaklingsmiðaðar og mikilvægt að hver og einn fái verkefni og hvatningu við sitt hæfi. Fyrst og fremst viljum við kveikja áhuga og skapa öruggt umhverfi fyrir börn sem stunda íþróttir hjá félaginu.

Hjólabrettaæfingar verða á mánudögum frá 7. september til 14. desember á haustmisseri, klukkustund í senn. Skipt verður í hópa eftir aldri og getu. Einnig munum við bjóða uppá sérstakan stelpuhóp með það fyrir augum að efla og fjölga stúlkum í íþróttinni.

Bmx starf vetrarins verður starfrækt af aðilum sem undanfarin tvö ár hafa byggt upp öflug bmx sumarnámskeið. Um 100 börn sóttu námskeiðin í sumar og mun Brettafélag Hafnarfjarðar njóta góðs af þeirri uppbyggingu. Brettafélag Hafnarfjarðar er eina félagið á landinu sem býður uppá innanhúsaðstöðu fyrir bmx hjól.

Bmxæfingar verða á miðvikudögum frá 9. september til 29. nóvember á haustmisseri, 2 klukkustundir í senn. Skipt verður í þrjá hópa, eftir aldri og getu.

Snjóbrettadeildin mun hefja sitt starf 5. janúar 2016 til 30. apríl og verða æfingar haldnar tvisvar sinnum í viku, 1,5 klukkustund í senn. Forsvarsmenn félagsins hafa undanfarin fjögur ár byggt upp Snjóbrettadeild Breiðabliks, einu snjóbrettadeild höfuðborgarsvæðisins. Á fjórum árum fór iðkenda fjöldinn úr 27 í 65 ungmenni á aldrinum 6-16 ára. Formaður Brettafélags Hafnarfjarðar hefur stundað snjóbretti frá árinu 1988 og var meðal þeirra fyrstu á Íslandi til að hefja snjóbrettaiðkun á Íslandi. Það voru hafnfirskir piltar sem fluttu inn fyrstu snjóbrettin til Íslands og hófu að renna sér í hlíðum Bláfjalla og Skálafells. Tengsl brettasögunnar á Íslandi við Hafnarfjörð eru því sterk, hjartað slær í Firðinum og því vildu forsvarsmenn félagsins byggja upp starfsemina hér.

Snjóbrettastarfið mun fyrst og fremst byggjast á að auka færni hvers og eins á snjóbrettinu, mynda félagsskap og skapa vettvang fyrir jákvæða upplifun. Félagið mun í samstarfi við rekstraráðila skíðasvæðanna standa fyrir mánaðarlegum viðburðum í Bláfjöllum. Áherslur starfsins verða ekki afreksmiðaðar en þó mun þeim sem vilja feta afreksleiðina gefast kostur á þátttöku í mótum á vegum Skíðasambands Íslands. Fyrirhuguð er þátttaka á Andrésar Andarleikumum 2016.

Aðstaða félagsins er opin almenningi 5 daga vikunnar, þ.e. þá daga sem ekki fara fram skipulagðar æfingar. Mikilvægt er að tryggja öryggi þeirra sem nota húsnæðið og að reglum Brettafélagsins sé framfylgt (t.d. hjálmaskylda). Því er mikilvægt að hafa ábyrgan umsjónarmann í húsinu sem brugðist getur rétt við ef eitthvað kemur uppá.

Framtíð Brettafélags Hafnarfjarðar veltur mjög á þeim stuðningi og aðstöðu sem Hafnarfjarðarbær leggur félaginu til. Svo að vel megi vera og starfið verði faglegt telur stjórn félagsins að tvennt þurfi að koma til við uppbyggingu félagsins. Í fyrsta lagi aukið húsnæði þ.e. afnot af allri neðri hæð Flatahrauns 14 og starfsmann til að sinna daglegri umsjón með húsnæðinu á almennum opnunartíma. Í rekstraráætlun félagsins 2015 er launakostnaður umsjónarmanns stærsti útgjaldaliður félagsins að framkvæmdum undanskildum. Á árinu 2016 eru frekari framkvæmdir við æfingaaðstöðuna ekki fyrirhugaðar og því mun launakostnaður umsjónarmanns vega þyngst í rekstri félagsins.

Brettafélag Hafnarfjarðar óskar hér með formlega eftir áframhaldandi samstarfi við Hafnarfjarðarbæ og jafnframt eftir frekari stuðningi Hafnarfjarðarbæjar við uppbyggingu félagsins.

Virðingarfyllt

f.h. stjórnar Brettafélags Hafnarfjarðar

Jóhann Óskar Borgþórsson
Formaður BFH